

## **Smiðjur í list- og verkgreinum í 10.bekk**

Haustið 2019 var farið af stað með nýtt fyrirkomulag í list- og verkgreinum í 10. bekk. Markmiðið er að auka val nemenda og gefa þeim færi á að hafa frjálssari hendur í verkefnavali. Nemendur fá því að vinna verkefni út frá áhugasviði auk þess sem þeir geta samþætt/tengt verkefni sín við verkefni í öðrum fögum innan skólans. Nemendur þurfa að mæta alls að lágmarki 12 sinnum í listgreinar að eigin vali (myndmennt, tónmennt, leiklist) og 12 sinnum í verkgreinar að eigin vali (smíði, textíl, heimilisfræði). Nemendum er frjálst að velja oftár þá grein/greinar innan hvors sviðs sem þeir vilja leggja meiri áherslu á. Það fer þó eftir greinum og umfangi verkefna hverju sinni hversu margir nemendur komast að í hvert fag hverju sinni og því mikilvægt að nemendur hafi samráð við kennara um hvort það sé laust pláss. Ef fullt er í tímann verða nemendur að virða það og velja sér aðra grein.

Lögð er áhersla á að nemendur komi sjálfir með hugmyndir að verkefnum og tengi það við hæfniviðmið í samráði við kennara viðkomandi greinar. Verkefnin gætu verið einstaklingsverkefni eða hópverkefni eftir því sem við á hverju sinni.

Nemendur halda tvær ferilmöppur á skólaárinu, önnur fyrir listgreinar og hin fyrir verkgreinar. Áriðandi er að nemendur setji öll verkefni frá hugmynd til lokaafurðar inn í ferilmöppuna og skrái allt vinnuferlið jafnóðum með myndum eða texta. Þessar ferilmöppur liggja til grundvallar við námsmat.

Markmið eru að:

- Gefa nemendum tækifæri á að hafa áhrif á eigið nám.
- Auka lýðræði nemenda.
- Efla ábyrgð á eigin námi.